



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



SHE4AHA
Health throughout life

Pátttaka

Hvað er þátttaka?

Með þátttöku er átt við að einstaklingar og hópar taka þátt í ákvarðanatökuferlum.

Þátttaka felur í sér athafnir eins og að leggja fram hugmyndir, úrræði eða viðleitni að sameiginlegu markmiði, auk þess að taka þátt í umræðum, atkvæðagreiðslu eða annars konar virkri þátttöku.

Hvað er þátttaka í Heilsueflandi skóla?

Þátttaka í Heilsueflandi skóla einkennist af sameiginlegum ferlum um ákvarðanatöku. Hagaðilar vinna saman að því að greina forgangsröðun sem snýr að heilsu og vellíðan, setja sér markmið og þróa aðferðir sem taka á einstökum þörfum skólasamfélagsins.

Þátttaka í Heilsueflandi skóla felur í sér virka þátttöku nemenda, kennara, foreldra, starfsfólks skóla og samfélagsins í því að skapa styðjandi umhverfi sem stuðlar að heilsu og vellíðan.



Þátttaka nemenda

Nemendur gegna lykilhlutverki í mótun verkefna sem snúa að heilsu og vellíðan innan skólans. Þátttaka þeirra getur falið í sér að ganga í nefndir tengdum heilsu og vellíðan, stinga upp á og skipuleggja starfsemi tengda heilsu og vellíðan og tala fyrir breytingum sem stuðla að heilsusamlegum lífnaðarháttum meðal jafnaldra þeirra.



Þátttaka kennara

Kennarar veita ekki aðeins kennslu sem lítur að heilsu og vellíðan heldur taka þeir einnig virkan þátt í skipulagningu og framkvæmd aðgerða í heilsuefningu. Þeir geta samþætt efnisem snýr að heilsu og vellíðan inn í námskrána, mótað heilbrigða hegðun og unnið með nemendum til að skapa jákvætt skólaumhverfi.




Þátttaka foreldra

Það er mikilvægt að vera í samstarfi við foreldra þegar efla á heilsu og vellíðan innan skólasamfélagsins. Þátttaka þeirra getur falið í sér sjálfbóðaliðastörf fyrir viðburði tengda heilsu og vellíðan, fylgja eftir þáttum sem snúa að heilsu og vellíðan heima og veita endurgjöf um heilsustefnu og áætlanir skólans.



Samstarf starfsfólks

Allt starfsfólk, þar á meðal stjórnendur, húsvörður og starfsfólk mötuneytis, leggja sitt af mörkum til að skapa skólaumhverfi sem byggir á heilsu og vellíðan. Þátttaka þeirra felur í sér að innleiða stefnu sem styður heilsu og vellíðan, viðhalda hreinni og öruggri aðstöðu og bjóða upp á næringarríka matarvalkost.



Þátttaka nærsamfélags


Samstarf við frístund, félagsmiðstöðvar, íþróttafélög og önnur félagasamtök, starfsfólk heilsugæslu og aðra leiðtoga í samfélaginu er nauðsynlegt fyrir Heilsueflandi skóla. Þátttaka nærsamfélags getur falið í sér að útvega aðstöðu, bjóða upp á sérfræðipekkingu og styðja við verkefni tengd heilsu og vellíðan í skólum með samstarfi og áætlunum í takt við þá nálgun.



Hvers vegna er þátttaka mikilvæg í heilsuefningu innan skólans?

Þátttaka í Heilsueflandi skóla stuðlar að menningu sem byggist á samvinnu, valdeflingu og höfðar til sameiginlegrar ábyrgðar til að stuðla að heilsu og vellíðan allra aðila í skólasamfélaginu.

Þátttaka eflir einstaklinga og hópa innan skólasamfélagsins til að fá aukið eignarhald á heilsu sinni og vellíðan. Með því að taka virkan þátt í heilsuefningu þróa hagaðilar tilfinningu fyrir eignarhaldi og skuldbindingu til að skapa heilsusamlegra skólaumhverfi.



Þátttöku stiginn

Stig þátttöku í skólum


Skortur á þátttöku (Lack of participation): nemendum er óheimilt að koma óskum sínum og skoðunum á framfæri og starfshættir skólans eru ákveðnir og framkvæmdir af fullorðnum.

Táknræn þátttaka (Symbolic participation): nemendur gætu verið beðnir um að tjá skoðanir sínar, en þeim er ekki endilega fylgt eftir, þar sem fullorðnir taka ákvarðanir og framkvæma aðgerðirnar.

Samráð (Consultation): skoðanir nemenda við að greina viðeigandi þætti sem þarf að taka á eru teknar alvarlega, setja markmið og ákveða samsvarandi aðgerðir, en fullorðna fólkið tekur ákvarðanirnar.

Áhrif (Influence): nemendur hafa raunverulegt og virkt hlutverk í umræðum og ákvarðanatöku en endanlegar ákvarðanir eru teknar af fullorðnum.

Sameiginlegt vald (Shared power): nemendur deila ákvörðunarvaldi með fullorðnum og ákvarðanir eru teknar á lýðræðislegan hátt. Nemendur taka einnig ábyrgð á ákvörðunum sínum á þann hátt sem hæfir aldri þeirra og þroska.



4 leiðir að pátttöku í heilsuefningu skólans

Þessar glærur voru þróaðar innan SHE4AHA verkefnisins.

Nánari upplýsingar um SHE4AHA verkefnið er að finna á www.healththroughoutlife.eu

Þetta efni er hægt að nota ókeypis með skýrri tilvísun í SHE4AHA verkefnið.

I

Leiðbeiningar um innleiðingu á Heilsueflandi skóla



Styrkt af Evrópusambandinu. Skoðanir og álit sem sett eru fram eru hins vegar eingöngu skoðanir höfunda og endurspegla ekki endilega skoðanir Evrópusambandsins eða Framkvæmdaskrifstofu mennta- og menningarmála (EACEA). Hvorki Evrópusambandið né EACEA bera ábyrgð á þeim.

ÚTGEFIÐ AF

Schools for Health in Europe Network Foundation (SHE).

ÚTGÁFUDAGUR

Mars 2025